

FUNDARGERÐ

Fundur nr. 133 í stjórn Herjólfss ehf., haldinn 21.maí 2024 kl. 16:00

í fundarsal að Ægisgötu 2.

Mættir voru: Páll Scheving Ingvarsson, Agnes Einarsdóttir, Guðlaugur Friðþórsson, Helga Kristín Kolbeins, Sæunn Magnúsdóttir, Rannveig Ísfjörð, Hörður Orri Grettisson framkvæmdastjóri og Sigurbergur Ármannsson sem sat fund gegnum síma.

Til fundarins var boðað með tölvupósti. Engar athugasemdir bárust varðandi boðunina

Á dagskrá fundarins voru þrír dagskrárliðir:

1. **4ra mánaða uppgjör.**

Framkvæmdastóri fór yfir rekstrartölur jan.-apríl 2024. Honum er þökuð yfirferðin

2. **Farþegatölur.**

Farþegar í apríl voru 20% fleiri en gert var ráð fyrir í áætlun en farþegafjöldi er sambærilegur miðað við fyrstu fjóra mánuði ársins í fyrra.

3. **Önnur mál.**

Rætt var um fyrirhugaðan slipp næsta haust og Herjólf III sem væntanlegt afleysingarskip. Einnig var rætt um ferðamannasumarið sem er framundan. Mikil og sterk umræða hefur verið um að von sé á fækkun ferðamanna til Íslands í sumar og vorið í ferðamannaiðnaðinum hafi farið hægt af stað, töluvert hægar enn í fyrra. Samtöl framkvæmdastjóra við aðila í ferðamannaiðnaðinum á suðurlandi staðfesta það. Framkvæmdastjóra er falið að fylgjast vel með tölulegum upplýsingum og taka virkt samtal við iðnaðinn reglulega.

Næsti stjórnarfundur er áætlaður 25.júní n.k.

Fundi slitið kl.17:00.

Fundargerð ritaði Agnes Einarsdóttir.